

Áfallaáætlun



ÁFALLAÁÆTLUN

Áfallaáætlun tilgreinir hvernig skuli bregðast við þeim áföllum sem skólasamfélagið getur staðið frammi fyrir. Áfallaáætlun er höfð til grundvallar þegar þörf er á að skipuleggja áfallahjálp fyrir nemendur eða starfsfólk skólans. Mikilvægt er að skýr vitneskja sé um hvernig brugðist skal við áföllum og allt starfsfólk sé undirbúið að takast á við þá erfiðleika sem þeim fylgja. Ávallt skal taka tillit til aðstæðna og hluteigandi aðila þegar viðbrögð við áföllum eru ákveðin.

Áfallaráð Flóaskóla:

- Skólastjóri
- Aðstoðarskólastjóri
- Verkefnastjóri UTÁ
- Ritari skólans

Aðrir sem hægt er að leita til:

- Skólasálfræðingur/félagsráðgjafi
- Sóknarprestur
- Skólahjúkrunarfræðingur
- Heilsugæsla (heilsugæslulæknir)
- Lögregla

Hlutverk áfallaráðs er að:

- Verkstýra við válega atburði
- Útbúa verkáætlun þar sem skilgreint er hver gerir hvað, í hvaða röð og hvernig skuli bregðast við í hverju tilviki fyrir sig
- Huga að óskum fjölskyldna þeirra sem hlut eiga að máli og taka tillit til þeirra
- Kynna fyrir starfsfólki áætlun um hvernig skal bregðast við
- Leiðbeina starfsfólki hvert skal leita til að fá viðeigandi stuðning og hjálpi
- Funda eins fljótt og auðið er ef válegur atburður hefur orðið, óháð dagsetningu og tíma

Áfallaráð fundar í byrjun hvers skólaárs og fer yfir hvort breytingar hafi orðið á aðstæðum nemenda/starfsmanna vegna alvarlegra slysa, veikinda, dauðsfalla eða annarra áfalla. Í framhaldi er tekin ákvörðun um hvort og þá til hvaða aðgerða skuli gripið.

Ef alvarlegt áfall á sér stað í sumarleyfi er nauðsynlegt að skólastjóri kalli áfallaráð saman til að taka ákvarðanir um viðbrögð af skólans hálfu.

Einstaklingar sem lent hafa í áföllum sýna mismunandi einkenni streitu og í mismiklum mæli. Mikilvægt að allir starfsmenn skólans sýni nærgætni og tillitssemi og beri virðingu fyrir tilfinningum þess sem orðið hefur fyrir áfalli, hvernig sem þær brjótast út.

Skólastjóri eða staðgengill hans er tengiliður skólans við fjölmiðla. Aðrir hafa ekki leyfi til að gefa fjölmiðlum upplýsingar og skulu alltaf vísa á skólastjóra.

SKILGREINING Á ÁFÖLLUM

Áfall er atburður sem ber brátt að og vekur upp mismunandi tilfinningar og líðan þess er fyrir því verður s.s. kvíða, ótta, sorg eða áfallastreitu. Sum áföll er hægt að segja nokkurn vegin fyrir um meðan önnur gerast skyndilega og oft við erfiðar kringumstæður. Áföll hafa varanleg áhrif á fólk og er einstaklingsbundið hversu mikil eða alvarleg þau verða. Áföll sem þessi áætlun nær til eru helst:

- Alvarleg slys
- Alvarlegra og/eða langvarandi veikinda
- Andlát
- Að verða vitni að eða lenda í voveiflegum atburði

Þetta á við þegar um er að ræða nemendur, aðstandendur þeirra, starfsfólk og nánustu aðstandendur þeirra.

NEMENDUR

Alvarlegt slys á nemanda

Ef slys verður á skólatíma:

- Þeir sem koma að slysi, hringja eftir sjúkrabíl og veita fyrstu hjálp. Aldrei má skilja nemanda eftir einan
- Fulltrúi áfallaráðs hefur samband við forráðamenn eins fljótt og auðið er
- Áfallaráð fundar og ákveður hvernig eigi að bregðast við
- Fulltrúi áfallaráðs og umsjónarkennari ræða við nemendur sem tengjast málinu
- Skólastjórnendur upplýsa starfsfólk og forráðamenn nemenda um málið s.s. með bréfi, tölvupósti eða símtali til forráðamanna
- Sýni fjölmiðlar málinu áhuga skal ávallt vísa á skólastjóra eða staðgengil hans

Ef kalla þarf sjúkrabíl að skólanum:

- Sá sem kallar til sjúkrabíl lætur ritara vita
- Ritari kallar til skólastjórnendur og húsvörð
- Skólastjórnendur og húsvörður skipuleggja aðkomu sjúkrabílsins, afmarka svæðið og huga að gæslu fyrir utan skólann ef þörf krefur

Ef slys verður utan skólatíma:

- Áfallaráð fundar þegar vitneskja fæst um málið og ákveður hvernig skuli bregðast við
- Viðkomandi starfsfólki og nemendum er tilkynnt um slysið

Næstu dagar:

- Fulltrúi áfallaráðs eða umsjónarkennari er í sambandi við forráðamenn til að tryggja að upplýsingar berist um stöðu mála
- Umsjónarkennari sér um að koma upplýsingum til nemenda
- Sýna þarf atburðinum virðingu, senda viðkomandi kveðju og/eða meta hvort heimsóknir séu æskilegar

Þegar nemandi kemur aftur í skólann:

- Umsjónarkennari/verkefnastjóri UTÁ/námsráðgjafi ræðir við nemandann áður en hann kemur í skólann og hlusta eftir því hvernig honum líður og hverju hann kann að kvíða

- Umsjónarkennari og verkefnastjóri UTÁ undirbúa bekkinn undir það hvernig eigi að taka á móti nemandanum. Góður undirbúningur getur auðveldað nemandanum endurkomuna
- Umsjónarkennari fylgir viðkomandi nemanda sérstaklega eftir og gætir þess í samvinnu við stjórnendur og aðra starfsmenn að nemandi einangrist ekki

Alvarleg/langvarandi veikindi *nemenda*

- Ef nemandi þarf að vera langdvölum frá skóla vegna alvarlegra/langvarandi veikinda er starfsfólki og nemendum greint frá því
- Áfallaráð skipuleggur fræðslu og stuðning fyrir nemendur og starfsfólk
- Umsjónarkennari, í samráði við forráðamenn, styður nemanda og forráðamenn hans til að halda áætlun í náminu

Þegar nemandi kemur aftur í skólann:

- Umsjónarkennari ásamt skólafélögum undirbýr hvernig taka skuli á móti nemandanum þegar hann kemur aftur í skólann. Það getur auðveldað viðkomandi endurkomuna
- Umsjónarkennari/verkefnastjóri UTÁ/námsráðgjafi ræðir við nemandann áður en hann kemur í skólann og hlusta eftir því hvernig honum líður og hverju hann kann að kvíða
- Umsjónarkennari fylgir viðkomandi nemanda sérstaklega eftir gætir þess í samvinnu við stjórnendur og aðra starfsmenn að nemandi einangrist ekki

Andlát nemanda

- Skólastjóri aflar upplýsinga og hefur samband við viðkomandi forráðamenn
- Skólastjóri kallar saman áfallaráð og aðra utanaðkomandi aðila t.d. sóknarprest. Á þeim fundi ákveður áfallaráð fyrstu viðbrögð skólans og skiptir með sér verkum
- Allar aðgerðir skólans eru bornar undir forráðamenn til samþykkis og þeir hafðir með í ráðum frá upphafi
- Ganga þarf úr skugga um að náin skyldmenni hins látna, sem eru við nám eða störf við skólann, fái fréttirnar einslega en ekki í stórum hóp
- Skólastjóri tilkynnir andlát til starfsmanna
- Skólastjóri og umsjónarkennari tilkynna andlátíð í viðkomandi nemendahóp. Áfallaráð, ásamt þeim sem þeir kalla til, hlúa að nemendum. Gott er að kveikja á kertum og jafnvel að fá prest til að ræða við nemendur
- Umsjónarkennarar annarra nemenda skólans tilkynna andlátíð. Mikilvægt er að allir nemendur fái fréttirnar á sama tíma
- Fáni er dreginn í hálfu stöng við skólann þegar búið er að tilkynna nemendum andlátíð

Vinna í viðkomandi bekk sama dag:

- Umsjónarkennari er með sínum nemendahópi það sem eftir er skóladags
- Nemendum er gefið tækifæri til að ræða atburðinn og tilfinningar sem gætu vaknað í kjölfarið
- Áfallaráð og aðrir sem hafa verið kallaðir til, eru til taks ef á þarf að halda
- Áfallaráðs eða umsjónarkennari viðkomandi nemenda upplýsa forráðamenn um atburðinn og hvernig skólastarfi verði háttað næstu daga
- Tryggja þarf að upplýsingar berist til forráðamanna þeirra nemenda sem ekki eru mættir í skólann þennan dag og þeim tilkynnt um atburðinn sérstaklega

Í lok dags skal áfallaráð funda ásamt umsjónarkennara, fara yfir stöðuna og gera áætlun um áframhaldandi vinnu.

Fulltrúar skólans fara í heimsókn til aðstandenda með samúðarkveðjur í samráði við aðstandendur.

Vinna í viðkomandi bekk næstu daga á eftir:

- Umsjónarkennari tekur á móti nemendahópnum í upphafi skóladags
- Samnemendur útbúa samúðarkveðju og/eða minningargrein. Nemendur geta einnig teiknað myndir, skrifað bréf, ljód eða sögur
- Eigur nemandans eru fjarlægðar smátt og smátt úr skólastofunni og þess gætt að fjarlægja ekki allt í einu
- Gott gæti verið að fá prest til að fara yfir og útskýra fyrir nemendum hvað gerist næstu daga þ.e. kistulagning og jarðarför
- Allar kennslustundir næstu daga verða að vera sveigjanlegar, starfsmenn verða að vera viðbúnir að svara spurningum sem vakna hjá nemendum eða að þeir sýni viðbrögð líkt og reiði, sorg, sektarkennd o.s.frv.. Mikilvægt er að leyfa börnunum að tjá tilfinningar sínar og ræða aðstæður
- Skólastjórnendur, umsjónarkennari og aðrir þeir sem tengst hafa nemandanum verða við jarðarförina

Allar aðgerðir skólans þarf að bera undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og þeir hafðir með í ráðum frá upphafi.

Til umhugsunar:

- Gefið sorginni tíma
- Muna eftir dagsetningunni þegar frá líður
- Hefðbundið skólastarf veitir öryggi og sefar ótta og kvíða
- Umsjónarkennari og annað starfsfólk getur haft þörf fyrir handleiðslu og stuðning

AÐSTANDENDUR

Alvarleg/langvarandi veikindi aðstandenda nemenda:

- Skólastjórnendur eða umsjónarkennari fær upplýsingar hjá forráðamönnum
- Áfallaráð upplýsir þá starfsmenn er málið varðar
- Áfallaráð og nemendaverndarráð funda um málið og ákveða í samráði við forráðamenn hvernig unnið skuli í málinu

Alvarleg slys aðstandenda nemenda:

- Skólastjórnendur eða umsjónarkennari fær upplýsingar hjá forráðamönnum
- Áfallaráð upplýsir þá starfsmenn er málið varðar
- Áfallaráð fundar um málið og ákveður í samráði við forráðamenn hvernig skuli bregðast við
- Fulltrúar úr áfallaráði aðstoða umsjónarkennara við að undirbúa samnemendur undir það hvernig skuli tekið á móti nemandanum þegar hann mætir aftur til skóla

Andlát aðstandenda nemanda:

- Skólastjóri aflar upplýsinga og hefur samband við forráðamenn
- Áfallaráð tilkynnir umsjónarkennara nemandans um andlátíð

- Áfallaráð fundar og ákveður fyrstu viðbrögð skólans
- Allar aðgerðir skólans þarf að bera undir viðkomandi forráðamenn til samþykkis og þeir hafðir með í ráðum frá upphafi
- Skólastjórnendur og umsjónarkennari koma upplýsingum til viðeigandi nemendahóps Athuga þarf sérstaklega hvort nán skyldmenni séu við nám eða störf við skólann og að þau fái fréttirnar einslega en ekki í stórum hóp
- Skólastjórnendur og umsjónarkennari tilkynna starfsfólki skólans um atburðinn
- Umsjónarkennari stjórnar áframhaldandi vinnu í nemendahópnum og leitar aðstoðar hjá áfallaráði eftir þörfum
- Skólastjórnendur sjá um að senda samúðarkveðjur fyrir hönd skólans til nemandans og fjölskyldu hans
- Fulltrúar úr áfallaráði aðstoða umsjónarkennara við að undirbúa samnemendur undir það hvernig skuli tekið á móti nemandanum þegar hann mætir aftur til skóla
- Fulltrúi áfallaráðs ræðir við nemanda þegar hann mætir til skóla og hjálpar honum að velja sér aðila innan skólans sem hann getur leitað til í sorginni

STARFSFÓLK

Alvarleg veikindi starfsmanns:

Skólastjórnendur og áfallaráð ákveða í samráði við viðkomandi starfsmann hvernig skuli tilkynna nemendum og starfsfólki um veikindin.

Alvarlegt slys starfsmanns:

Skólastjórnendur og áfallaráð ákveða í samráði við viðkomandi starfsmann og/eða aðstandendur hans hvernig tilkynna eigi nemendum og starfsfólki slysið.

Andlát starfsmanns:

- Skólastjórnendur aflar upplýsinga um andlátíð
- Skólastjóri og áfallaráð tilkynna starfsfólki um andlátíð. Aðstoð prests er fengin ef þörf þykir
- Huga þarf sérstaklega að því að nán skyldmenni sem eru við nám eða störf við skólann fái fréttirnar einslega en ekki í stórum hóp
- Hafa í huga að einhver starfsmaður gæti verið fjarverandi og að fulltrúi úr áfallaráði tilkynni þeim andlátíð sérstaklega
- Áfallaráð skipuleggur samverustund starfsmanna samdægurs eða eins fljótt og auðið er. Aðstoð prests er fengin ef þörf þykir
- Áfallaráð ákveður, í samráði við aðstandendur hins látna, hvernig tilkynna skuli nemendum og forráðamönnum þeirra um andlátíð
- Ef umsjónarkennari fellur frá þá tilkynna skólastjórnendur nemendahópnum um andlátíð. Aðstoð prests er fengin ef þörf þykir
- Umsjónarkennarar og fulltrúar úr áfallaráði tilkynna öðrum nemendum andlátíð
- Fulltrúar skólans fara í heimsókn til aðstandenda í samráði við þá
- Skólastjóri sendir samúðarkveðjur til nánustu aðstandenda fyrir hönd skólans

Andlát maka, barns eða náins aðstandanda starfsmanns:

- Skólastjórnendur aftar upplýsinga um andlátið
- Skólastjórnendur tilkynna starfsfólki um andlátið
- Huga þarf sérstaklega að náin skyldmenni sem eru við nám eða störf við skólann fái fréttirnar einslega en ekki í stórum hóp
- Hafa í huga að einhver starfsmaður gæti verið fjarverandi og að fulltrúi úr áfallaráði tilkynni þeim andlátið sérstaklega
- Ef umsjónarkennari missir náinn aðstandanda tilkynnir skólastjóri nemendum um andlátið
- Áfallaráð tekur ákvörðun, í samráði við aðstandendur, um hvernig upplýsingum er komið til forráðamanna nemenda
- Fulltrúar áfallaráðs ræða við nemendur og veita stuðning ef þörf er á
- Fulltrúar skólans fara í heimsókn í samráði við starfsmann
- Skólastjóri sendir samúðarkveðjur fyrir hönd skólans

FERÐALÖG Á VEGUM SKÓLANS

Verði **alvarlegt slys eða dauðsfall** á ferðalagi á vegum skólans ber að fylgja eftirfarandi aðgerðarlista:

- Hringja í 112
- Lögregla lætur aðstandendur viðkomandi nemanda/starfsmanns vita
- Starfsmenn í forsvari fyrir hópnum koma sér saman um hver þeirra verður forsvarsmaður
- Forsvarsmaður lætur skólastjóra/áfallaráð vita af atburðinum
- Forsvarsmaður safnar nemendum/starfsmönnum saman og útskýra fyrir þeim eins og mögulegt er hvað hefur gerst.
- Heimferð er skipulögð eins fljótt og mögulegt er
- Skólastjórnendur/áfallaráð láta aðstandendur þeirra sem í ferðinni eru vita eins fljótt og hægt er
- Áfallaráð tekur á móti hópnum þegar komið er í skólann. Þegar um nemendur er að ræða eru forráðamenn beðnir um að sækja börnin sín
- Frekari vinna er skipulögð af áfallaráði miðað við áfallaáætlun skólans

Allar aðgerðir skólans þarf að bera undir viðkomandi aðstandendur til samþykkis og þeir hafðir með í ráðum frá upphafi.